

baki því, er ætlað var til Ísafjarðar hafi verið goldinn sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, telji verzlunstjóri Clausens- verzlunar á Ísafirði sig undanþeginn því, að greiða toll samkvæmt lögum 9. ágúst p. á. par sem skipið hafi verið komið á íslenzka höfn og vörurnar þarafleiðandi innfluttar hjer til lands áður en tjeð lög um aðflutningsgjald á kaffi og sykri og um hækkun tóbakstollsins náðu gildi. — Þennan skilning tjeðs verzlunarstjóra á tolllögumum hefur bæjarfógetinn á Ísafirði ekki getað adhyllzt og því beiðzt úrlausnar æðra úrskurðarvalds um málefni þetta.

Eins og þjer herra amtmaður, hafið látið í ljósi í ofan nefndu brjefi yðar, ber samkvæmt lögum nr. 11 frá 11. febrúar 1876, 3. gr. sbr. auglýsingu 16 s. m. (Stj.tíð. A. 12) og ráðgjafabr. 26. sept. s. á. (Stj.tíð. 1876 B. 104) að greiða toll af tóbaki par sem það er flutt í land en ekki par sem skip það. er vörurnar flytur, áður kann að koma að landi eður hafnar sig hjer við land. og alveg hið sama gildir um toll af kaffi og sykri samkvæmt lögum nr. 10 frá 9. ágúst p. á. 2. og 4. gr. — Par sem nú tóbak það, kaffi og sykur, er fluttist til Ísafjarðar með skipinu Ho'ger 15. f. m. ekki var flutt í land fyrr en eptir að lög nr. 10, 9. ágúst p. á. um aðflutningsgjald af kaffi og sykri og lög nr. 11 frá sama degi um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald af tóbaki voru komin í gildi, ber að greiða toll af vörum þessum eptir tjeðum lögum.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarfógetanum á Ísafirði, og skora jeg jafnframt á yður að útvega skýrslu sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um það, með hverri heimild hann hafi tekið móti tolli af áminnstum tollvörum sem áttu að fara í annað lögsagnarumdæmi, svo og um það, hvort eigi hafi verið skipað upp á Stykkishólmi tóbaki eða vörum sem eru tollskyldar eptir lögum nr. 10, 9. ágúst p. á. eptir 1. oktbr. síðastliðinn úr fram-
annefndu skipi.

Auglýsing

um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til sveitakennara.

Alþingi 1889 hefur ályktað, að skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landssjóði til sveitakennara skuli vera þessi:

- 1, að kennarinn sje ráðinn til þeirra starfa af hreppsnefnd eða sóknarnefnd og hagi störfum sínum eptir samkomulagi við nefndina.
- 2, að hann kenni auk kristindóms og lesturs: skript, reikning og rjettritun.
- 3, Umsóknarbrjefum um styrk til sveitakennara skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um kennsluna (tölu nemenda, hvað hverjum þeirra hafi verið kennt, og hve lengi hver þeirra hafi notið kennslunnar) svo og vottorð hlutaðeigandi prests um framfarir nemendanna, og ennfremur meðmæli hlutaðeiganni sýslunefndar.

Umsóknarbrjef um styrk úr landssjóði til sveitakennara eiga að vera stýluð til landshöfðingja og send stiptsyfirvöldunum svo tímanlega, að þau sjeu komin til þeirra fyrir lok júnímánaðar ár hvert, og eiga þeim að fylgja nákvæmar skýrslur og vottorð um öll þau atriði, sem tilgreind eru hjer að framan.

Þetta er hjer með kunngjört almenningi til leiðbeiningar.

Reykjavík 16. nóvbr. 1889.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein